

Binn

TTAR- PÓSTURINN

15

9. árg.

október 1999

1. tbl.

Hvenær hefst ný öld?

Já, nær lýkur 20. öldinni? Mörgum finst kanski heimskulega spurt en flestum mun þó vel kunnugt um að bullandi ósamkomulag er um svo einfaldan hlut sem það þó virðist vera hvunær hundrað ár sjeu liðin. Sumir telja að ný öld byrji 1. janúar árið 2000 en aðrir fullyrða að það sje ekki fyren 1. janúar árið 2001. *ÆP* ætlar sjer ekki þá dul að fara að sanna eða afsanna neitt í þessu máli með lærðum röksemdafærslum heldur verður gripið til þess ráðs að úrskurða í málinu og fellur dómur í þá veru að 20. öldinni ljúki 31. desember árið 2000. Er það í samræmi við mat Helga snillings Hálfðanarsonar en hann sagði í grein í Mbl. að þeir sem aðhylltust 31. des. 1999 kynnu ekki að telja upp að tíu og hefðu líklegast bara 9 tær. Af þessum sökum verður haldið

Ættarmót í aldarlok

í

Skógargerði

þann 14. júlí árið 2000

Þeir sem ekki aðhyllast þessa kenningu um aldarlok mega auðvitað hafa sína skoðun og geta þá hugsað sjer að þetta sje *Ættarmót í aldarbyrjun*. En hvað sem því líður: Lesið um ættarmótið inni blaðinu → → → →

Ættarmót í nýum stíl

Alt frá 1985 hefur Skógargerðisætt haldið mót á fimm ára fresti og verður það næsta því hið fjórða í röðinni. Reyndar var fyrst efnt til samkomuhalds í þreingra hópi árið 1979. Mótin hafa öll verið með svipuðu sniði. Þau hafa byrjað um hádegi á laugardegi og endað með veislu í Valaskjálfi á sunnudagskvöldi. Á laugardagskvöldum hefur verið gleði í Skógargerði með ýmsum uppákomum. – Altaf hefur verið gaman á þessum mótum.

Því er þó ekki að leynd að þetta gamalkunna yfirbragð þykir mörgum orðið nokkuð þreytulegt og hafa bent á að mál muni vera komið til að breyta eitt-hvað um stíl. Einna mest hafa menn fundið að því að mótið skuli hafa náð framá sunnudagskvöld svo ekki gafst langtáð komnum neitt ráðrúm til að ná heim í tæka tíð fyrir upphaf vinnuviku og urðu menn jafnvel af þessum sökum að sleppa lokahófinu.

Um ættarmót á komandi sumri hefur sosomekkert verið ákveðið annað en það að því skuli ljúka laugardagskvöldið 14. júlí. Vera má að einhver upp-hitun fari fram á föstudagskvöld en það verður þá líklega óformlegt. Þannig hefur verið rætt um að reyna að hafa sem allra minst umstáang í kringum þessa samkomu. Ekki hefur verið neglt neitt niður hvort feingið verður húsnæði fyrir dagskrá laugardagskvöldsins (Valaskjálfi eða eitthvað annað hús). Flestir þeir sem hafa látið ljós sitt skína um þetta, eru þó á því að mótið fari að öllu leyti fram í Skógargerði.

Varla er það nokkrum vafa undirorpið að marga fýsir að sækja þetta ættarmót, haldið á slíku tímamótaári (hvort sem það er nú loka- eða upphafsár aldar). Þessvegna eru nú sendar upplýsingar um dagsetningu mótsins svoað einhver tími verði til stefnu. Má það víst ekki seinna vera því nú á tímum þarf lángan fyrirvara á hverri einni hræringu. Samfélagið er orðið svo skipulagt.

Á þessi stigi er svo fátt fleira að segja af ættarmótinu. – Á baksíðu eru þó nefnd nokkur atriði sem væntanlegir mótsgestir þurfa að skoða. —> —>

Brjefa- og skjalasafn

Skógargerðisbók kom út fyrir fimm árum, þ.e. á síðasta ættarmóti. Hér verður ekki rakin nákvæmlega tilurð þeirrar merku bókar, en einsog hún ber með sjer er þar víða stuðst við brjef og önnur gögn Langmestur hluti þessara skjala kom úr vörslum þeirra bræðra Gísla og Indriða Helgasona. Drjúgur hluti er brjefaskipti þeirra bræðra en einnig sendibrjef til þeirra frá systkinum þeirra, Þórhalli, Margrjetu, Guðrúnu og Hallgrími, svo og bréf frá foreldrunum, einkum Ólöfu Helgadóttur móður þeirra. Auk sendibrjefa er í þessu safni talsvert af kveðskap eftir Ólöfu og Indriða og nokkuð eftir Gísla og fleiri Enn er að nefna ýms handrit, svo sem handskrifað sveitblað, smásögur (flestar eftir Gísla) og ýmislegt annað efni.

Skömmu eftir útkomu bókarinnar hófst ritstj. *ÆP* handa við að flokka og skrá þessi gögn. Þetta var heldur tafsamt verk og sóttist seint. Þeim áfanga hefur þó verið náð að vel má nota safnið. Brjef og önnur skjöl hafa verið skráð og er skráin í tölvutæku formi. Hinsvegar er enn ekki orðin til skrá yfir brjefritara aðra en þá sem heyra til ættinni en hinir – sem skrifuðu ættinni brjef – eru býsna margir. Þess ber að geta að talsvert af ættarbrjefum og öðru efni (einkum kveðskap) hefur verið tölvutekið. Þessi tölvugögn eru í vörslu ritstj. *ÆP*. Rúmsins vegna verður að láta hjer staðar numið að segja frá safninu. Það verður að bíða betri tíma.

Safni þessu hefur verið komið fyrir í Skógargerði og er þar aðgengilegt þeim sem skoða vilja. *Ættarpósturinn* mun einnig senda þeim sem um biðja upplýsingar um safnið og/eða efnisyfirlit. Því hefur reyndar verið velt upp að fá ætti þessu efni stað á Hjeraðsskjalasafni Austfirðinga á Egilsstöðum en talsverðu af gögnum frá Gísla Helgasyni hafði verið komið á það safn nokkru eftir lát hans (1964). Ljósrit af því efni er í okkar safni sem geingur undir nafninu *Brjefa- og skjalasafn í Skógargerði (BSS)*. Það gæti orðið verðugt viðfángsefni á ættarmótinu næsta sumar að hyggja nánar að þessu máli.

Hvernig ættarmót viljum við?

Einsog áður sagði er fátt eitt ákveðið um fyrirkomulag og dagskrá ættarmótsins annað en það að fyrirhugað er að gefa þessari vinsælu samkomu einskonar andlitslyftingu. Til þess svo megi verða þarf að safna hugmyndum og þar er nú ekki í kot vísað þarsem er hin ráðagóða Skógargerðisætt. Er málinu hjer með vísað til hennar

Einsog kunnugt er þá er ættin að mestu búsett á þremur svæðum: á Austurlandi, við Eyjafjörð og á höfuðborgarsvæðinu. Reiknað er með að fólk í öllum þessum byggðum hafi ýmislegt til málanna að leggja. *ÆP* er ánægja að því að koma hér á framfæri nöfnum manna sem eru reiðubúnir til að beita sjer fyrir umræðum og tillögugerð, hver á sínu svæði:

Á Austurlandi

Baldur Pálsson Sunnufelli 4, 701 Egilsstaðir. Sími 471 1998.

Baldur verður jafnframt mótstjóri.

Við Eyjafjörð

Helgi Indriðason Hringtúni 1, 620 Dalvík. Sími: 466 3365

Á höfuðborgarsvæðinu

Örnólfur Thorsson Tómasarhaga 27, 107 Rvík. Sími: 552 1052.

Ættarpósturinn mun eftir faungum annast miðlun upplýsinga og reiknar með að birta í næsta blaði drög að dagskrá mótsins.

Ættarpósturinn.

Ritstj.: Indriði Gíslason Barmahlíð 32, 105 Rvík. Sími 562 5743.

Netfang: indridi@ismennt.is.

Aðstoðarritstj.: Örnólfur Thorsson Tómasarhaga 27, 107 Rvík. Sími: 552 1056.

Ritstj.fulltrúi: Dagný G. Sigurðardóttir Reynivöllum 11, 700 Egilsstaðir. Sími: 471 1134.